



5. júní 2024

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 1077. mál á 154. löggjafarþingi**

*Frumvarp til markaðssetningarlaga*

Með bréfi dags. 27. september 2022 gerði menningar- og viðskiptaráðuneytið Hagsmunasamtökum heimilanna kunnugt um fyrirhugað frumvarp til markaðssetningarlaga. Þar kom fram að frumvarpið myndi fela í sér endurskoðun laga um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, nr. 141/2001, laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, laga um Neytendastofu, nr. 62/2005, og laga um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, nr. 20/2020. Af því tilefni var óskað eftir sjónarmiðum og tillögum samtakanna vegna endurskoðunarinnar, sem þau komu á framfæri með bréfi dags. 31. október 2022.

Hagsmunasamtök heimilanna lögðu í erindi sínu aðallega áherslu á viðbrögð við ýmsum annmörkum á framkvæmd laga um lögbann til að vernda heildarhagsmuni neytenda og reglum um óréttmæta skilmála í neytendasamningum sem voru innleiddar að nafninu til í 36. gr. a-d samningalaga, nr. 7/1936, með lögum nr. 14/1995. Því miður ber ofangreint frumvarp þess engin merki að tekið hafi verið mið af neinu sem þar kom fram og svo virðist sem fyrirhugaðri endurskoðun laga um lögbann og dómsmál til að vernda neytendur hafi verið slegið á frest. Samtökin standa þó enn við allt sem kom fram í erindinu og ítreka hér með þau sjónarmið sem þar voru reifuð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, lög um Neytendastofu og lög um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, verði sameinuð í ein markaðssetningarlög. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu felur það ekki í sér verulegar efnislegar breytingar frá gildandi lögum fyrir utan innleiðingu nýrra ákvæða sem leiða af breytingatilskipun 2019/2161/ESB. Þar sem frumvarpið eru nokkuð viðamikil er ekki auðvelt að greina nákvæmlega hversu vel það eigi við um öll efnisatriði þess. Hagsmunasamtök heimilanna leggja ekki gegn frumvarpinu að því leyti sem það eru til þess fallið að leiða af sér betri eða að minnsta kosti jafn góða neytendavernd og hingað til. Jafnframt telja samtökin mikilvægt að þetta verði haft í huga við framkvæmd hinna nýju laga og komi eitthvað í ljós sem felur í sér afturför eða mætti betur fara verði brugðist skjótt við því með viðeigandi úrbótum á löggjöfinni.

Eftirfarandi eru nánari athugasemdir samtakanna við einstakar greinar frumvarpsins.

**10. gr. Veruleg röskun á fjárhagslegri hegðun**

Með 1. mgr. 10. gr. er gildissvið bannreglna 4.-9. gr. í raun afmarkað við viðskiptahætti sem geta raskað verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Eðlilegra væri að slík afmörkun kæmi fram á undan þeim ákvæðum sem hún á við um, til dæmis í upphafi II. kafla, frekar en á eftir þeim.

## 16. gr. Óhæfilegir samningsskilmálar

Lengi vel var málum bændið hvort Neytendastofa hefði heimild samkvæmt lögum til að hafa eftirlit með skilmálum í neytendasamningum. Það er því mikið fagnaðarefni að lagt sé til að tekið verði upp sérstakt allsherjarréttarlegt ákvæði um óhæfilega samningsskilmála sem falli þar með ótvírætt undir eftirlit Neytendastofu. Hagsmunasamtök heimilanna gera þó athugasemd við hugtakið “óhæfilegir” í þessu sambandi. Af umfjöllun í greinargerð má ráða að í raun sé átt við það sem kallast “óréttmætir” skilmálar í Tilskipun 93/13/EBE og “ósanngjarnir” skilmálar í samningalögum. Í stað þess að búa til enn eitt orð yfir sama fyrirbærið væri betra að hafa þessa hugtakanotkun samræmda.

Í skýringum við 16. gr. kemur fram að ákvæðið sé allsherjarréttarlegs eðlis og hafi ekki sjálfkrafa áhrif á samningssamband atvinnurekenda og neytenda að einkarétti. Ákvæðinu verði þannig ekki beitt til að víkja til hliðar löggerningum, hvorki í heild né hluta eða breyta þeim. Það séu dómstólar sem geta vikið til hliðar eða breytt samningsskilmálum löggerninga í ákveðnum tilvikum, skv. 36. og 36. gr. a.-d. samningalaga. Þetta samræmist ekki vel þeirri umfjöllun í kafla 4.8 greinargerðarinnar um óhæfilega skilmála þar sem er réttilega bent á að málaferlum fylgi oftast nær óhagræði og neytendur hafi almennt ekki tíma, þekkingu eða fjármagn til að höfða dómsmál þegar undirliggjandi hagsmunir svara ekki kostnaði. Þess vegna hafi verið talið mikilvægt að til staðar séu almenn úrræði til að stöðva og koma í veg fyrir að ósanngjarnir samningsskilmálar séu notaðir í neytendasamningum. Einnig verður að benda á að hvorki dómstólar né stjórnvöld hafa heimild til þess að breyta skilmálum samninga neytendum í óhag heldur aðeins að víkja óréttmætum skilmálum til hliðar og skal samningurinn þá að kröfu neytanda gilda að öðru leyti án breytinga verði hann efndur án skilmáls.

Jafnframt segir í skýringum við 16. gr. að leggja skuli til grundvallar að samningsskilmálar sem brjóta gegn ófrávíkjanlegum ákvæðum laga eða víkja frá meginreglum laga sem binda samningaðila, séu óhæfilegir gagnvart neytendum og brjóti gegn ákvæðinu. Hagsmunasamtök heimilanna eru þessu sammála en vilja benda á að mikið hefur skort á slíkan skilning í framkvæmd á sviði neytendaréttar hingað til. Nýlegt dæmi má finna í dómi Hæstaréttar í máli nr. 37/2022 sem staðfesti þá niðurstöðu Landsréttar að þrátt fyrir að skilmáli lánsamnings bryti klárlega í bága við lög um neytendalán, yrði honum ekki vikið til hliðar heldur væri neytandinn engu að síður bundinn við hann. Meðal annars þar sem í ákvæðinu sem brotið var gegn kæmi ekkert fram um afleiðingar brots gegn því. Þetta fer þvert gegn því sjónarmiði að skilmálar sem brjóta gegn lögum séu þar með óréttmætir.

Eins og EFTA dómstóllinn áréttaði í ráðgefandi álitum í málum E-25/13 og E-27/13 ber aðildarríkjum EES samkvæmt 1. mgr. 6. gr. Tilskipunar 93/13/EBE að tryggja að óréttmætir skilmálar í samningum við neytendur séu ekki bindandi fyrir þá. Hagsmunasamtök heimilanna telja því ekki vera nógu langt gengið í 16. gr. frumvarpsins að leggja einungis bann við notkun samningsskilmála sem eru óhæfilegir (þ.e. óréttmætir) gagnvart neytendum, heldur verði einnig að kveða skýrt á um að óheimilt sé að beita eða bera fyrir sig slíkum skilmálum í samningum sem þegar hafa verið gerðir.

## 21. gr. Neytendastofa

Með 21. gr. er lagt til að Neytendastofa verði sjálfstæð stofnun sem muni heyra stjórnarfarslega undir ráðherra en almennt ekki lúta fyrirmælum ráðherra, með því markmiði að styrkja stofnunina og málaflökkinn í heild sinni. Hagsmunasamtök heimilanna benda á að ekki er nóg að slíkt sjálfstæði sé tryggt í orði heldur þarf einnig að tryggja það í verki með nægilegri fjármögnun stofnunarinnar, líkt og kom fram í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 34/17 um fjármögnun Persónuverndar.

## 22. gr. Eftirlit

Með 3. mgr. 22. gr. er lagt til það nýmæli að sá sem beinir erindi til Neytendastofu teljist ekki aðili máls sem stofnunin ákveður að taka til rannsóknar, en það felur í sér undantekningu frá meginreglu stjórnslulaga um málsaðild. Hagsmunasamtök heimilanna hafa í allnokkur skipti beint kvörtunum til Neytendastofu og átt aðild að málum sem stofnunin hefur tekið til meðferðar á grundvelli þeirra og hefur það reynst vel að geta þannig tekið þátt í málsmeðferðinni og geta jafnframt borið niðurstöður Neytendastofu í þeim undir áfrýjunarnefnd neytendamála. Samtökin leggjast því gegn því að alfarið verði girt fyrir slíka málsaðild. Þess í stað leggja samtökin til að Neytendastofu verði veitt heimild eins og sú sem Umboðsmaður Alþingis hefur til að ákveða að taka mál til rannsóknar sem frumkvæðismál eða sem kvörtunarmál með aðild kvartanda. Ekki síst þegar um er að ræða kvartanir frá samtökum sem gæta heildarhagsmuna neytenda, enda leiðir af 11. gr. Tilskipunar 2005/29/EB að slík samtök eigi að geta skotið óréttmætum viðskiptaháttum til úrskurðar þar til bærra stjórnvalda.

## 29. gr. Sáttaumleitan og leiðbeinandi reglur

Hagsmunasamtök heimilanna leggjast ekki gegn því að Neytendastofa fái sérstaka heimild til að leiða mál til lykta með sáttaumleitan. Aftur á móti mælast samtökin til þess að í slíkum tilfellum skuli gera niðurstöður sáttar opinberar, svo sem með ákvörðun eins og í samkeppnismálum eða með birtingu gagnsæistilkynningar líkt og tíðkast af hálfu fjármálaeftirlitsins. Slík birting niðurstaðna sem ella kæmu hvergi fram getur haft upplýsingagildi fyrir neytendur og verið til þess fallin að veita aðilum á sviði neytendaverndar þýðingarmiklar vísbendingar um þróun mála á sviði neytendaréttar.

## 34. gr. Bann, skaðabætur og hæfilegt endurgjald


Með 5. mgr. 34. gr. er kveðið á um að sá sem á lögvarinna hagsmuna að gæta geti höfðað dómsmál til að fá bann lagt við háttsemi og/eða dæmda eða viðurkennda kröfu um skaðabætur eða hæfilegt endurgjald. Með vísan til 11. gr. Tilskipunar 2005/29/EB telja Hagsmunasamtök heimilanna mikilvægt að samtök sem gæta heildarhagsmuna neytenda geti einnig höfðað dómsmál til að fá bann lagt við óréttmætri háttsemi eða skilmálum og jafnframt leita viðurkenningar á bótaskyldu eða skyldu til að gera aðrar úrbætur, fyrir hönd þeirra neytenda sem hafa orðið fyrir tjóni af slíku. Samtökin hafa ítrekað mátt sæta því að málum á þeirra vegum hafi verið vísað frá vegna þess að samtökin sjálf skorti lögvarða hagsmuni af úrlausn um viðkomandi álítaefni. Þess vegna er mikilvægt að slík heimild verði ekki háð skilyrðinu um lögvarða hagsmuni þegar samtök sem gæta heildarhagsmuna eiga í hlut, eða tekið verði sérstaklega fram að þau teljist hafa lögvarða hagsmuni af slíkri málshöfðun.

Um framangreind sjónarmið er að lokum vísað nánar til hins fyrrnefnda bréfs Hagsmunasamtaka heimilanna til menningar- og viðskiptaráðuneytisins dags. 31. október 2022 (sjá fylgiskjal með þessari umsögn) auk greinargerðar með frumvarpi á þskj. 153 í 153. máli 154. löggjafarþings.

- 0 -

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,



Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is



Reykjavík, 31. október 2022

### Sjónarmið og tillögur Hagsmunasamtaka heimilanna vegna frumvarps til markaðssetningarlaga

Hagsmunasamtök heimilanna vísa til bréfs frá ráðuneytinu dags. 27. september 2022, þar sem óskað var eftir sjónarmiðum og tillögum vegna endurskoðunar ýmissa laga á sviði neytendaverndar, þar á meðal til innleiðingar tilskipunar 2019/2161/ESB. Samtökin þakka fyrir erindið og fagna því að gefast í fyrsta skipti kostur á að koma að samráði um efni frumvarps, áður en það er samið. Helstu áherslur samtakanna í því sambandi snúa annars vegar að reglum um aðild samtaka á sviði neytendaverndar að málum til að vernda réttindi neytenda og hins vegar að reglum um óréttmæta skilmála.

#### I. Lög um lögbann til að vernda heildarhagsmuni neytenda

Lög um lögbann til að vernda heildarhagsmuni neytenda, nr. 141/2001, voru sett til að innleiða tilskipun 98/27/EB sama efnis. Hún var síðar leyst af hólmi með tilskipun 2009/22/EB sama efnis, sem var innleidd í lög nr. 141/2001 með breytingum samkvæmt lögum nr. 97/2014. Megintilgangur þeirra tilskipana og laga er að gera samtökum á sviði neytendaverndar kleift að leita lögbanns til að hindra eða stöðva óréttmæta viðskiptahætti og aðra háttsemi sem brýtur gegn réttindum neytenda, án þess að þau samtök sjálf eða félagsmenn þeirra hafi orðið fyrir röskun þeirra réttinda.

Hagsmunasamtök heimilanna eru meðal þeirra samtaka sem ráðherra hefur veitt heimild á grundvelli 3. gr. laga nr. 141/2001 til að leita lögbanns til að vernda heildarhagsmuni neytenda, með auglýsingu nr. 1320/2011 í Stjórnartíðindum. Þar til samtökin fengu þá heimild hafði úrræðum samkvæmt lögum nr. 141/2001 aldrei verið beitt, en síðan þá hafa samtökin verið í fararbroddi við að leita slíkra úrræða í því skyni að verja réttindi neytenda hér á landi, einkum á fjármálamarkaði.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að stöðva augljós og jafnvel stórfelld lögbrot gegn fjölda neytenda, hefur lögbann samkvæmt lögum nr. 141/2001 aldrei náð fram að ganga. Það er vegna dóma í málum nr. 636/2012 og 519/2013 sem Hagsmunasamtaka heimilanna höfðuðu, þar sem Hæstiréttur Íslands sló því föstu að 1. töluliður 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. stæði því í vegi að lögbann gæti náð fram að ganga. Samkvæmt þeim tölulið verður *almennt* lögbann ekki lagt við athöfn á grundvelli þeirra laga ef talið verður að réttarreglur um refsingu eða skaðabætur fyrir röskun hagsmuna gerðarbeiðanda tryggi þá nægilega. Þannig voru eldri og almennari lög, látin ganga frammar yngri (*lex posterior*) og sértækari (*lex specialis*) lögum, í hrópandi mótsögn við viðurkenndar lögskýringaraðferðir. Jafnframt fer sú skýring þvert gegn þeim tilgangi laga nr. 141/2001 að samtök geti leitað lögbanns til að vernda heildarhagsmuni neytenda án þess að þurfa sjálf að hafa orðið fyrir röskun réttinda eða einstakir félagsmenn þeirra. Enn fremur felst í þessu þversögn þar sem nánast öll tilfinnanleg brot gegn réttindum neytenda geta varðað skaðabótaskyldu að íslenskum rétti, en þá yrði aldrei hægt að hindra þau með lögbanni og lög nr. 141/2001 væru þar með dauð og ómerk.

Þar sem umræddar tilskipanir um lögbann til að vernda heildarhagsmuni neytenda gera ráð fyrir því að auk dómstóla, geti verið hægt að leita atbeina þar til bærra stjórnvalda til þess að fá bann lagt við háttsemi sem brýtur gegn réttindum neytenda, hafa Hagsmunasamtök heimilanna einnig látið reyna á þá leið með því að beina erindum í formi kvartana til Neytendastofu. Slíkum málum hefur ítrekað verið vísað frá af hálfu áfrýjunarnefndar neytendamála, svo sem með úrskurðum í málum nr. 5/2013, 12/2014 og 15/2014, á þeim grundvelli að samtökin skorti lögvarða hagsmuni af úrlausn málanna, þ.e. að þau hafi ekki sjálf orðið fyrir röskun réttinda. Þannig hefur aðild samtakanna að málum til að vernda heildarhagsmuni neytenda ekki verið viðurkennd og leiðir til þess tæmdar til þrautar.

Á þingskjali 76 í 76. máli 153. löggjafarþings má finna frumvarp sem byggist á framangreindri reynslu Hagsmunasamtaka heimilanna af því að hefja mál til að vernda heildarhagsmuni neytenda en fá ekki svo mikið sem efnislega umfjöllun heldur beinlínis rangláta málsmeðferð. Með frumvarpinu er lagt til að bætt verði úr þeim framangreindu ágöllum sem hafa hingað til staðið í vegi fyrir því að lögbundin úrræði geti nýst til að vernda heildarhagsmuni íslenskra neytenda. Skýringar á þeim breytingum sem þyrfti að gera í því skyni koma fram í frumvarpinu ásamt frekari rökum fyrir þeim. Hagsmunasamtök heimilanna hvetja til að þær breytingar verði gerðar með lögum frá Alþingi, enda er það nauðsynlegt til að uppfylla skyldur til fullnægjandi innleiðingar tilskipana samkvæmt EES-samningnum.

## II. Reglugerð um EES-gerðir sem falla undir tilskipun 2009/22/EB

Á grundvelli 2. mgr. 1. gr. laga nr. 141/2001 með síðari breytingum sbr. lög nr. 97/2014 hefur ráðherra sett reglugerð um EES-gerðir sem falla undir tilskipun 2009/22/EB og vernda hagsmuni neytenda, nr. 914/2014. Upphaflega var í þeirri reglugerð aðeins vísað til eldri tilskipunar um neytendalán sem var fallin úr gildi, í stað núgildandi tilskipunar 2008/48/EB sem var innleidd með lögum um neytendalán, nr. 33/2013, en þau tóku gildi 1. nóvember 2013. Fyrir vikið náði lögbannsúrræðið ekki til brota gegn réttindum neytenda á lánamarkaði. Úr þessu var bætt að nokkru með breytingu samkvæmt reglugerð nr. 536/2020. Engu að síður stendur eftir að fasteignalán voru felld undan lögum um neytendalán og undir lög um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016, sem tóku gildi 1. apríl 2017. Fyrir vikið er engin leið að leita lögbanns vegna brota gegn réttindum neytenda á fasteignalánamarkaði, þrátt fyrir að þar sé lang stærstur hluti allra lána íslenskra neytenda. Hagsmunasamtök heimilanna hvetja til þess að við endurskoðun löggjafarinnar verði hugað að nauðsynlegum breytingum til að bæta úr því.

## III. Reglur um óréttmæta skilmála í neytendasamningum

Tilskipun 93/13/EBE um óréttmæta skilmála í neytendasamningum var innleidd í 36. gr. a-d laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, með lögum nr. 14/1995. Tilskipun þessi felur í sér meginreglur á sviði neytendaverndar sem liggja til grundvallar öllum sértækari reglum sem gilda um afmarkaðar tegundir viðskipta við neytendur, til dæmis lánastarfsemi. Meðal þeirra mikilvægu reglna sem felast í tilskipuninni er að neytendur skuli ekki vera bundnir af óréttmætum skilmálum og vera jafnsettir eins og þeirra hefði ekki notið við svo sem með skaðabótum fyrir tjón sitt, allan vafa um merkingu samninga skuli túlka neytendum í hag, ekki megi meta það neytanda í óhag að hann þekkti ekki rétt sinn og séu óréttmætir skilmálar felldir brott skuli samningar standa að öðru leyti.

Tilskipun 2019/2161/ESB bætir aðeins einni nýrri grein við Tilskipun 93/13/EBE, sem kveður á um að setja skuli reglur um viðurlög við brotum gegn innlendum lögum sem innleiddu tilskipunina, svo sem í formi sekta. Hagsmunasamtök heimilanna eru fylgjandi því að slíkar reglur verði settar. Aftur á móti verður hér á eftir fjallað nánar um ófullnægjandi innleiðingu á Tilskipun 93/13/EBE í öndverðu.

Þrátt fyrir að Tilskipun 93/13/EBE hafi eins og fyrr segir verið formlega innleidd árið 1995, hefur efni hennar því miður ekki náð að koma til framkvæmda í reynd hér á landi. Það er sorglegur vitnisburður um þetta að í dómasöfnum íslenskra dómstóla finnst enginn dómur þar sem niðurstaða máls réðist af ákvæðum 36. gr. a-d laga nr. 7/1936, þrátt fyrir að neytendur hafi margoft byggt málatilbúnaði sinn á þeim ákvæðum í trausti þess að þau veiti þá vernd sem er yfirlýst markmið þeirra. Tilskipunin hefur þannig verið höfð að engu í framkvæmd og verða hér á eftir nefnd tvö dæmi um það.

Þegar dómstólar staðfestu árið 2010 að gengistrygging lánsfjár væri ólögleg varð uppi fótur og fit og virtist mikil óvissa ríkja um hvernig fara skyldi með uppgjör slíkra skuldbindinga. Sú óvissa var þó með öllu óþörf í tilviki neytenda, því 36. gr. c laga nr. 7/1936 hafði að geyma svarið, samningarnir án hinna ólögmætu og þar með óréttmætu skilmála skyldu einfaldlega standa óbreyttir að öðru leyti. Þó svo að neytendur hafi ítrekað reynt að bera þessum reglum fyrir sig í ágreiningsmálum um skuldbindingar af þessum toga hefur aldrei verið farið eftir þeim. Þvert á móti hafa þær beinlínis verið virtar að vettugi frá og með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 471/2010 og setningu laga nr. 151/2010, sem fólu í sér stórfelld afturvirk inngríp í þegar gerða samninga, tugþúsundum neytenda í óhag.

Nýlegra dæmi má finna í dómi Landsréttar í máli nr. 617/2021 en þar var komist að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að skilmáli lánsamnings bryti í bága við lög um neytendalán, yrði honum ekki vikið til hliðar heldur væri neytandinn engu að síður bundinn við hann. Það fer þvert gegn þeirri meginreglu Tilskipunar 93/13/EBE að neytendur skuli ekki vera bundnir af óréttmætum skilmálum.

Á þingskjali 67 í 67. máli 153. löggjafarþings má finna frumvarp sem felur í sér tillögur um úrbætur til að bregðast við umræddri dómaframkvæmd í neytendamálum. Hagsmunasamtök heimilanna hvetja til þess að þær breytingar sem þar eru lagðar til verði gerðar með lögum frá Alþingi sem fyrst. Þar að auki leggja samtökin til að skoðað verði hvort þær sérreglur um neytendasamninga sem koma fram í 36. gr. a-d laga nr. 7/1936 gætu átt betur heima í sérstökum lögum um neytendasamninga, þar sem kæmi m.a. skýrt fram að þau gildi alltaf frammar almennum reglum á sviði samningaréttar.

Loks má nefna að í 40. gr. a laga nr. 7/1936 er reglugerðarheimild á grundvelli Tilskipunar 93/13/EBE sem virðist aldrei hafa verið notuð, en það væri nauðsynlegt til að innleiða skrá yfir samningsskilmála sem teljast ósanngjarnir eins og kemur fram greinargerð frumvarps til laga nr. 151/2001.


#### IV. Skaðabótaskylda ríkisins

Samkvæmt Evrópurétti leiðir ófullnægjandi innleiðing tilskipunar sem fellur undir EES-samninginn til skaðabótaskyldu ríkisins gagnvart þeim sem verða fyrir tjóni vegna þess og það á einnig við ef reglur sem hafa verið innleiddar koma ekki til réttar framkvæmdar. Hagsmunasamtök heimilanna vilja skora á ráðherra að beita sér fyrir því að margítrekuð brot hinna ýmsu greina ríkisvaldsins á borð við þau sem hér hafa verið rakin verði viðurkennd og þolendum þeirra greiddar sanngjarnar bætur. Verulegur skaði fjölda aðila er óbættur og þau eiga betra skilið en að vera hunsuð af stjórnvöldum.

- 0 -

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,



Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is